

Ákvörðun nr. 14/2025
Fimmtudagurinn, 3. apríl 2025

Kaup Ölgerðar Egils Skallagrímssonar hf. á Ankra ehf.

- Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Ölgerðar Egils Skallagrímssonar hf. (hér eftir „Ölgerðin“) á Ankra ehf. (hér eftir „Ankra“). Ölgerðin starfar á markaði fyrir framleiðslu og heildsölu á drykkjar- og matvöru, en starfsemi Ankra snýr einkum að innflutningi og sölu á kollageni. Eins og rökstutt er með ákvörðun þessari dags. 3. apríl 2025 gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við kaupin og lýkur því meðferð málsins án íhlutunar eða frekari rannsóknar.
- Með vísan til 4. gr. reglna um tilkynningu og meðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 óskuðu samrunaaðilar eftir því að kynna viðskiptin fyrir Samkeppniseftirlitinu í forviðræðum. Fullnægjandi samrunatilkynning barst Samkeppniseftirlitinu þann 14. mars 2025 og með tilkynningunni fylgdi lengri samrunaskrá í samræmi við 17. gr. samkeppnislaga og reglum nr. 1390/2020. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu því frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 14. mars 2025.
- Í samrunaskrá segir að með kaupsamningi sem var undirritaður þann 21. febrúar 2025 hafi Ölgerðin og Ankra komist að samkomulagi um kaup Ölgerðarinnar á öllu hlutafé félagsins. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framgreindur gerningur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sem er tilkynningaskyldur í skilningi 17 gr. a. sömu laga.
- Eins og fyrr greinir eru aðilar samrunans Ölgerðin og Ankra:
 - Í samrunaskrá kemur fram að Ölgerðin framleiði, flytji inn og selji drykkjarvörur og matvæli um allt land. Félagið starfi einkunn á eftirfarandi fjórum sölu- og markaðssviðum: i) óáfengir drykkir, ii) áfengir drykkir, iii) heildsala með matvæli og sérvöru og síðan iv) útflutningur. Þá segir í samrunaskrá að Ölgerðin eigi 100% hlut nokkrum dótturfélögum sem eru eftirfarandi: Danól ehf. (hér eftir „Danól“), G7-11 fasteignafélag (Hér eftir „G7-11“), Agla gosgerð ehf. (Hér eftir „Agla“), Borg Brugghús ehf. (Hér eftir „Borg“), Sól ehf. (Hér eftir „Sól“), Kveldúlfur Distillery ehf. (Hér eftir „Kveldúlfur“) og Collab ehf. (hér eftir „Collab“). Ölgerðin eigi síðan 51% eignarhlut í Iceland Spring ehf. (hér eftir „Iceland Spring“). Í samrunaskrá kemur fram að Danól starfi á heildsölumarkaði fyrir matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Sé félaginu skipt upp þrjár einingar i) matvara, ii) stórelldhús og kaffikerfi og iii) snyrti og sérvæla. Megin starfsemi G7-11 sé fólgin í leigu atvinnuhúsnæðis undir starfsemi Ölgerðarinnar. Önnur dótturfélög Ölgerðarinnar starfi á sviði drykkjaframleiðslu og útflutningi, einkum í gegnum



starfsemi Collab og Iceland Spring. Þar segir einnig að dótturfélagunum Öglu, Borg, Sól, Kveldúlfi og Collab sé haldið utan samstæðu Ölgerðarinnar þar sem þau samanlagt hafa óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar félaganna.

- b) Ankra sé samkvæmt samrunaskrá frumkvöðlafélag sem hafi verið stofnað árið 2013 af Hrönn Margréti Magnúsdóttur og Kristínu Ýr Pétursdóttur. Félagið starfi við innflutning á kollagen fæðubótarefni, undir merkinu Feel Iceland. Kollagen Feel Iceland sé framleitt úr íslensku fiskroði og fari framleiðslan fram í Kanada samkvæmt framleiðsluaðferð Ankra og kaupi Ankra kollagenið af þeim framleiðenda. Ölgerðin og Ankra hafi átt með sér samstarf frá árinu 2017 um framleiðslu á drykk sem innihaldi kollagen. Eftir um tveggja ára þróunarvinnu fyrirtækjanna hafi drykkurinn Collab verið kyntur á markað árið 2019. Í gegnum vörumerkið Fell Iceland selji Ankra janframt fæðubótarefni og húðvörur sem innihaldi kollagen. Að sögn samrunaaðila sé vörumerkið Feel Iceland ekki hluti af samrunanum og verði vörumerkið selt í kjölfar samrunans út úr Ankra til nýs félags í eigu Hrannar Margrétar. Eins og komi fram í samrunaskrá séu helstu hluthafar Ankra stofnendur og stjórnendur félagsins. Þá fari Ankra með yfirráð og eigi 100% hlut í Bandaríska félaginu Feel Iceland Inc.
5. Samkvæmt b-lið 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. einnig viðauka II við reglur nr. 1390/2020, skal í tilkynningu um samruna koma fram lýsing á þeim vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegu mörkuðum sem samruninn tekur til. Að mati samrunaaðila starfi félögin ekki á sömu mörkuðum þar sem Ankra sinni eingöngu innflutningi og heildsölu á kollageni og sé því í raun milliliður á milli Ölgerðarinnar og kanadísk framleiðenda kollagens. Ölgerðin starfi á markaði fyrir framleiðslu og sölu drykkjar- og matvöru. Því sé ekki lárétt skörun í starfsemi aðila. Markaðir þar sem áhrifa samrunans gætir taki því til íþróttá- og orkudrykkja á borð við Collab sem og heildsölu og framleiðslu á kollageni að sögn aðila.
6. Varðandi drykkjarvörumarkaði málsins vísa samrunaaðilar til greiningar fyrirtækisins Markaðsgreiningar. Samkvæmt þeirri greiningu tilheyri Collab flokki drykkja sem falla undir íþróttá og orkudrykki og slíkan mögulegan markað að mati aðila. Í þessum flokki séu kolsýrðir drykkir á borð við Collab, Nocco, Monster, Mist og Red bull. Jafnframt séu í þessum flokki drykkir á borð við Powerade, VitHit og Gatorade sem ekki eru kolsýrðir en innihalda vítamín og steinefni. Eins og fyrr greinir felist starfsemi Ankra í heildsölu á kollagen til Ölgerðarinnar sem framleiði Collab drykkinn. Að mati samrunaaðila tilheyri kollagen markaði fyrir framleiðslu og heildsölu bætiefna og vítamína. Þar sem vörumerki Feel Iceland verði selt frá Ankra snýst samruninn eingöngu um heildsöluviðskipti á milli Ankra og Ölgerðarinnar. Að mati samrunaaðila sé því ekki nauðsynlegt að skilgreina með nákvæmum hætti markað fyrir fæðubótarefni með kollageni til þess að komast að niðurstöðu í þessu máli.
7. Varðandi landfræðilegan markaði málsins telja samrunaaðilar að ekki beri að skilgreina hann þrengra en Ísland. Rök standi einnig til þess að markaðurinn kunni að vera alþjóðlegur. Í því tilliti vísa samrunaaðilar til fjölda aðila sem flytji inn drykkjarvörur til Íslands og hins að Ölgerðin hafi hafið útflutning á Collab sem gefi til kynna að markaðurinn fyrir drykkinn afmarkist ekki við Ísland. Þá vísa samrunaaðilar til þess að framleiðsla á því kollageni sem Ankra flytji inn fari fram í Kanada. Fjölmargir aðilar framleiði kollagen, bæði hvað varðar framleiðslu á kollageni sem sé unnið úr fiski (Kollagen Ankra) og/eða kollageni úr öðrum dýrafurðum. Því sé landfræðilegur markaður kollagens alþjóðlegur að mati samrunaaðila.
8. Að mati Samkeppniseftirlitsins þarf ekki að taka formlega afstöðu til viðkomandi markaða þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins, m.a. í ljósi ólíkrar starfsemi samrunaaðila og



veittra upplýsinga frá tilkynnanda um fjölda mögulegra kollagen birgja, þar með talið hvort Collab teljist til drykkjarvöru markaðar eða sérstaks markaðar fyrir orku- og íþróttadrykki.

9. Eins og fram hefur komið tengist starfsemi Ölgerðarinnar og Ankra vegna viðskipta félaganna með kollagen til framleiðslu Collab drykkjarins. Að mati samrunaaðila séu samkeppnisleg áhrif samrunans því lóðrétt þar sem Ankra starfi á efra sölustigi sem birgir Ölgerðarinnar sem sé framleiðandi á neðra sölustigi. Þá séu samkeppnisleg tengsl á milli fyrirtækjanna að mati aðila einnig í formi samsteypuáhrifa. Þar sem samrunaaðilar starfi á ólíkum mörkuðum og séu með takmarkaða markaðshlutdeild hafi samruninn að mati aðila takmörkuð samkeppnisleg áhrif á viðkomandi vörumarkaði. Þá telja samrunaaðilar sig ekki í markaðsráðandi stöðu og muni samruninn ekki geta leitt til útilokunar eða annarra skaðlegra lóðréttra áhrifa vegna takmarkaðs markaðsstyrks. Jafnframt sé kollagen ekki nauðsynlegt til framleiðslu á íþróttar- og orkudrykkjum og enginn annar keppinautur Ölgerðarinnar þarfnist kollagens til að geta keppt á fyrrgreindum markaði. Varðandi heildsölu á kollageni telja samrunaaðilar ólíklegt að aðrir keppinautar verði fyrir neikvæðum útilokunar áhrifum þar sem Ankra sé eini birgir Ölgerðarinnar og lítill aðili á alþjóðlegum markaði hvar fjölmargir aðrir framleiðendur kollagens séu starfandi að sögn aðila. Með sömu rökum að framan leiði samruninn ekki til útilokunar keppinauta sökum samsteypuáhrifa.
10. Með samrunaskrá fylgdu margvísleg gögn, þ.m.t. kaupsamningur milli kaupenda og seljenda um viðskiptin, ársreikningar samrunaaðila og tengdra aðila, kynningar á samrunanum ásamt samstarfssamningi á milli félaganna. Þá leitaði Samkeppniseftirlitið sjónarmiða keppinauta Ölgerðarinnar sem komu ekki á framfæri neinum athugasemdum við samrunann. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Samkeppniseftirlitið getur tekið undir að um að lóðréttan samruna sé að ræða þar sem fyrirtæki á mismunandi sölustigum renna saman.¹
11. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og framangreindrar umfjöllunar fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að hann leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið hvorki ástæðu til þess að rannsaka samrunann frekar né aðhafast frekar, og lýkur því rannsókn eftirlitsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Ölgerðar Egils Skallagrímssonar hf. á öllu hlutafé Ankra ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

¹ Almennt séð er talið ólíklegt að lóðréttir samrunar hafi í för með sér samkeppnishamlandi áhrif samanborið við lárétta samruna, sjá t.d. leiðbeiningar framkvæmdarstjórnar ESB um lóðréttan samruna og samsteypusamruna: „Guidelines on the assessment of non-horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings.“ (2008/C 265/07).